



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og
sveitarstjórnarráðherra
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 23. apríl 2018
Tilv.: FOR18010177/2.4.1

Efni: Hvatning um aðgerðir vegna #metoo

#metoo bylgjan hefur á undanförunum mánuðum afhjúpað kynferðislega og kynbundna áreitni og ofbeldi sem konur í öllum lögum íslensks samfélags hafa mátt búa við. Þúsundir kvenna hafa skrifað undir áskoranir þar sem ofbeldinu er mótmælt og þess krafist að sú menning sem það þrífst í verði upprætt. Kynferðisleg áreitni er bæði orsök og afleiðing kynjamisréttis og bein ógn við réttindi kvenna til menntunar og þátttöku á vinnumarkaði og í samfélaginu. Stjórnvöld bera ríka ábyrgð, bæði gagnvart samfélaginu í heild og sem vinnuveitandi. Hlutverk ríkisstjórnarinnar er að hlýða á sögur þeirra kvenna sem stíga fram og bregðast við ákalli um breytingar.

Í þessu ljósi eru ráðherrar ríkisstjórnarinnar hvattir til að bregðast við #metoo byltingunni með því að grípa til viðeigandi ráðstafana, bæði út á við og inn á við gagnvart ráðuneytum og undirstofnunum. Ráðherrar eru sérstaklega hvattir til að tryggja að innan ráðuneyta og á vettvangi undirstofnana sé framkvæmt áhættumat á félagslegum og andlegum þáttum í vinnuumhverfinu og að fyrir liggi viðbragðsáætlun með skýru ferli viðbragða ef fram koma kvartanir vegna kynferðislegrar eða kynbundinnar áreitni. Jafnframt verði unnið með niðurstöður kannana á kynferðislegri og kynbundinni áreitni innan ráðuneyta og stofnana og mótaðar viðeigandi aðgerðir til úrbóta ef á því er talin þörf.

Sérstaklega eru ráðherrar hvattir til að beita sér fyrir því að uppræta þá menningu sem leyfir kynferðislegri og kynbundinni áreitni að viðgangast, þar á meðal með umræðufundum og með því að tryggja að þeir aðilar innan ráðuneyta og stofnana sem eiga að vinna að jafnrétti og góðu starfsumhverfi hafi til þess nægilegt svigrúm.

Ráðuneyti Stjórnarráðsins skulu ávallt vera stofnunum sínum og öðrum vinnustöðum í landinu til fyrirmyndar í vinnubrögðum sem og í starfsmannamálum. Því eru ráðherrar hvattir til að greina forsætisráðherra frá stöðu fyrrgreindra aðgerða í ráðuneytum sínum. Þá eru þeir einnig hvattir til að óska eftir sams konar upplýsingum frá forstöðumönnum stofnana sem heyra undir ráðuneyti þeirra og gera forsætisráðherra grein fyrir niðurstöðu þeirrar úttekta.

Virðingarfyllst

Katrín Jakobsdóttir